Umhverfisstofnun
Áb. BS
19 MARS 2004
54.55
Tilv. UST20040300030

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

16. mars 2004
Tilvísun: UST20040300030/bs

**Sjóvarnir á Breið, Presthúsavör og Lambhúsasundi, Akraneskaupsstað.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda.

**Breið:** Hér er fyrirhugað að sjóvörn úr grjóti komi í stað veggja úr steinsteypu og tengist sjóvörn sem fyrir er yst á Breið. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er efst í fjöru.
**Lambhúsasund:** Hér er um að ræða viðbót við núverandi sjóvörn innan hafnarsvæðis.
**Presthúsavör:** Á þessu svæði eru fyrir leifar af eldri sjóvörn efst á fjörukambi. Fyrirhuguð sjóvörn verður að mestu ofan fjöru á þessum stað.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki á svæðum á náttúruminjaskrá og er ekki talið að þar sé að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta eiga verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Efni til framkvæmdarinnar um 7000 $m^3$ verður tekið úr opinni námu við Kirkjuból. Umhvefisstofnun vill benda á að ekki liggur enn fyrir áætlun um frágang námusvæðisins við Kirkjuból.
Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson

Gunnar S Jónsson